

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um tengsl NATO við fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar o.fl.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver eru tengsl ákvarðana NATO-fundarins (Norður-Atlantshafsráðsins) 4. október 2001, m.a. um átta skrefa varnaráætlun gegn hryðjuverkum, við fangaflug og leynifangelsi bandarísku leyniþjónustunnar og hvaða ábyrgð telur ráðherra að Ísland, sem aðili að þeim ákvörðunum, beri á þeim mannréttindabrotum sem fylgdu í kjölfarið?
2. Hyggst ráðherra gera Alþingi grein fyrir málinu og gera opinberar allar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið hefur undir höndum um málið, þ.m.t. þær sem snúa að efni og ákvörðunum NATO-fundarins 4. október 2001?
3. Hafa íslensk stjórnvöld hugleitt að fylgja fordæmi Kanada og Bosníu-Hersegóvínu og viðurkenna ábyrgð sína í málinu?
4. Hvernig hefur utanríkisráðuneytið hingað til brugðist við skýrslum laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um málið (sjá skjöl 11302 frá 11. júní 2007 og 10957 frá 12. júní 2006 og viðeigandi ályktanir)?